

ÚRSKURÐUR

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. janúar 2019 í máli nr. E-1670/2018:

Akurholt ehf.

Geiteyri ehf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður)

gegn

Matvælastofnun

(Óskar Sigurðsson lögmaður)

Umhverfisstofnun og

(María Thejll lögmaður)

Arnarlaxi ehf.

(Kristín Edwald lögmaður)

1. Mál þetta var höfðað 15. maí 2018 og tekið til úrskurðar um frávísunarkröfur stefndu 8. janúar 2019. Stefnendur eru Akurholt ehf., Aratúni 9 í Garðabæ og Geiteyri ehf., Síðumúla 34 í Reykjavík. Stefndu eru Matvælastofnun, Austurvegi 64 á Selfossi, Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík og Arnarlax ehf., Strandgötu 1 á Bíldudal.
2. Dómkröfur stefnenda eru að ógilt verði með dómi rekstrarleyfi nr. FE-1105 sem stefndi Matvælastofnun veitti stefnda Arnarlaxi til reksturs stöðva til sjókvíaeldis á 10.000 tonnum af laxi í Arnarfirði þann 6. maí 2016. Að ógilt verði með dómi starfsleyfi sem stefndi Umhverfisstofnun veitti stefnda Arnarlaxi til reksturs stöðvar til sjókvíaeldis á 10.000 tonnum af laxi í Arnarfirði þann 15. febrúar 2016. Stefnendur krefjast þess að frávísunarkröfum stefnda verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar in solidum að skaðlausu úr hendi stefndu. Stefndu krefjast aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnenda. Stefndu krefjast þess að stefnendum verði gert að greiða þeim málskostnað.
3. Málið varðar deilur aðila um lögmati rekstrarleyfis og starfsleyfis stefnda, Arnarlax, vegna starfrækslu fiskeldis í sjókvíum í Arnarfirði. Stefnendur, sem eru eigendur Haffjarðarár á Snæfellsnesi, telja að fella beri úr gildi leyfi fyrir starfseminni vegna þeirrar hættu sem hún skapar fyrir náttúrulega villta laxastofna í landinu. Þessa hættu telja þeir bæði stafa af yfirvofandi erfðamengun sem muni leiða af slyasleppingum

laxfisks frá eldinu og sjúkdómahættu og mengun sem af starfseminni leiði. Þessi ógnun, sem þeir telja yfirvofandi, muni í framtíðinni raska verðmætum hagsmunum þeirra af nýtingu veiðiréttar í Haffjarðará.

4. Stefnu telja stefnendur ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og því beri að vísa málinu frá dómi. Þannig sé málsókn stefnenda á því reist að af hinn umþrættu starfsemi stefnda Arnarlax leiði að hætta skapist á því að hinn villti laxastofn Haffjarðará verði fyrir erfðamengun sem leiði til skaða á stofninum og orðspori árinna. Þetta telja stefndu ekki geta leitt til þess að stefnendur geti haft lögvarða hagsmuni af úrlausn dómkrafa sinna. Komi þar bæði til að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi enn orðið fyrir nokkru tjóni og svo hitt að Haffjarðará renni til sjávar á sunnanverðu Snæfellsnesi í svo mikilli fjarlægð frá starfsemi stefnda, Arnarlax, í Arnarfirði að fjarlægt sé að starfsemin geti haft áhrif á laxastofn árinna. Þá séu röksemdir stefnenda um lögvarða hagsmuni þeirra af úrlausn málsins reistar á því að starfsemi stefnda, Arnarlax, muni hugsanlega valda þeim tjóni í framtíðinni en aðild að dómsmálum verði ekki reist á svo óljósum og óáþreifanlegum tilgátum. Að auki séu röksemdir stefnenda um þá hættu sem þeir telja yfirvofandi byggðar á erlendum rannsóknum sem ekki taki mið af aðstæðum í hafinu umhverfis Ísland. Þá telja stefndu að skilyrði aðila- og kröfusamlags samkvæmt 19. og 27. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 séu ekki uppfyllt.
5. Stefnu vísa til þess að ákvörðun um að leyfa fiskeldi hérlandis sé í eðli sínu pólitísk. Fiskeldi hafi verið leyft hér um áratuga skeið þrátt fyrir að stjórnvöldum og löggjafanum hafi frá öndverðu verið kunnugt um að slíkt kynni að hafa í för með sér hættu á erfðamengun villtra innlendra laxastofna. Stefnendur hafi ekki hagsmuni af úrlausn krafa sinna þar sem að jafnvel þó þær næðu fram að ganga myndi það ekki hafa nein áhrif á þá hættu sem laxastofni Haffjarðará kann að stafa af fiskeldi sem stundað sé í ríkum mæli bæði fyrir vestan land og austan. Kröfugerð stefnenda sé þannig háttáð að í raun virðist tilgangur þeirra vera sá að stöðva alla uppbyggingu fiskeldis í sjókvíum við Ísland. Að slíkum tilgangi verði ekki að lögum unnið með einkaréttarlegum málsóknum heldur sé það hlutverk löggjafans og stjórnvalda að gæta slíkra almennra hagsmuna. Þá vísa stefndu til þess að einstakar málsástæður stefnenda séu verulega vanreifaðar í andstöðu við e-lið 1. mgr. 80. gr. einkamálalaga nr. 91/1991. Einnig þetta eigi að leiða til frávísunar.

6. Stefnendur vísa til þess að af þeirra hálfu sé gerð sérstök grein fyrir lögvrörðum hagsmunum þeirra í stefnu. Þar kemur fram að stefnendur séu hvor um sig 50% veiðiréttarhafi í Haffjarðará á Snæfellsnesi. Þeir hafi einkaréttarlega hagsmuni af því að fá starfs- og rekstarleyfi stefnda, Arnarlax, felld úr gildi þar sem áframhald starfseminnar leiði til þess að hætta sé á að hinn villti laxastofn árinna verði fyrir erfðamengun frá erlendum og framandi stofni sem stefndi, Arnarlax, notar með þeim afleiðingum að hinn náttúrulegi stofn skaðist og orðspor árinna bíði hnekki. Af slíku myndi leiða fjárhagslegt tjón fyrir stefnendur. Þá vísa stefnendur til varúðarreglu 9. gr. laganna um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem fram kemur að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laganna, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skuli leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Og sé hætta á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Varðandi sönnun um tjón sem leiði beinlínis af starfsemi stefnda, Arnarlax, sé ekki á mörngu að byggja enda starfsemin nýhafin. Þó séu farnar að berast fréttir af tjóni bæði í Breiðafirði og á Húnaflóa. Slíkum tjónstilvikum eigi aðeins eftir að fjölga. Stefnendur vísa til þess að þeir hafi lagt fram ítarleg gögn um vísindalega umfjöllun sem sýni þetta. Þeir byggja á því að einkaréttarlega hagsmuni þeirra megi ekki skerða með pólitískri stefnumótun eða aðgerðum eða leyfisveitingum stjórnvalda.

7. Með kröfugerð sinni í máli þessu, einsog hún er sett fram og rökstudd, verður ekki annað séð en að stefnendur miði að því að fá dóm sem leggi bann við að laxeldi í opnum sjókvíum sé stundað á Íslandi. Rökstuðningur stefnenda um að slíkt fiskeldi sé líklegt til að hafa veruleg neikvæð áhrif á náttúrulega laxastofna í veiðiám á Íslandi styðst við margvísleg mikilvæg rök og virðist geta samræmst þeirri reynslu sem ýmsar nágrannaþjóðir hafa af sambærilegri starfsemi sem stunduð hefur verið um áratugaskeið. Þetta er enda óumdeilt með aðilum málsins og víða vitnað til þeirrar áhættu sem af hinni umdeildu atvinnustarfsemi leiðir í matsgerðum þeim sem unnar voru til undirbúnings hinni umdeildu leyfisveitingu. Í 1. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi er til þess vísað að markmið laganna sé meðal annars að koma í veg fyrir hugsanleg

spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Í 18. gr. laganna er kveðið á um að ef sannast að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð veldur tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa sé viðkomandi rekstrarleyfishafi fébótaskyldur.

8. Vitund um neikvæð áhrif fiskeldis á náttúrulega laxastofna í veiðiám á Íslandi hefur um áratuga skeið verið meðal þeirra þátta sem löggjafinn og stjórnvöld hafa tekið með í reikninginn við ákvarðanatöku um hvort, á hvern hátt og í hversu miklu mæli, fiskeldi skuli heimilað. Þá er til þess að líta að orðsporsáhætta neikvæðra áhrifa fiskeldis er almennur áhættuþáttur sem varðar fjölmarga einstaklinga og fyrirtæki sem starfa á ólíkum sviðum. Þannig gætu neikvæð umhverfisáhrif fiskeldis í opnum sjókvíum orðið til þess að koma óorði á einstaka landshluta eða landið allt með tilheyrandi tjóni til dæmis fyrir ferðaþjónustuaðila. Veiðia stefnenda, Haffjarðará, rennur til sjávar í talsverðri fjarlægð frá Arnarfirði. Ekki er umdeilt að staðbundin umhverfisáhrif hinnar umdeildu starfsemi stefnda, Arnarlax, ná ekki til þess hafsvæðis þar sem Haffjarðará kemur til sjávar. Röksemdir stefnenda sem styðjast við erlendar rannsóknir lúta enda að því að neikvæð áhrif slysasleppinga frá starfsemi stefnda geti náð til mun stærra svæðis en hin staðbundnu umhverfisáhrif, jafnvel til landsins alls. Í þessu ljósi verður að skoða röksemdir stefnenda þannig að þeir haldi á hagsmunum sem allir veiðiréttarhafar á Íslandi eigi sameiginlega.
9. Stefnendur hafa ekki orðið fyrir tjóni af starfsemi stefnda, Arnarlax, hvað sem síðar kann að gerast. Þá hafa þeir ekki sýnt framá að starfsemin skapi hagsmunum þeirra sérstaklega afmarkaða eða sérgreinda áhættu. Hagsmunir þeir sem stefnendur leitast við að verja með lögsókn sinni eru í eðli sínu almannahagsmunir. Það eru hagsmunir sem allir þeir sem atvinnu hafa af nýtingu náttúru landsins, bæði beint og óbeint hafa einnig. Hagsmunir þeirra sem unna náttúru landsins og vilja tryggja vernd hennar. Slíkum hagsmunum hafa landsmenn rétt til að stuðla að og verja með þátttöku í almannasamtökum, með því að láta til sín taka á opinberum vettvangi eða með því að bjóða sig fram til Alþingis eða sveitarstjórna. Með lögum er náttúruverndarsamtökum á grundvelli svonefnds Árósasamnings fenginn skilyrtur réttur til aðildar á stjórnsýslustigi að afmörkuðum stjórnsýsluatriðum án þess að sýna fram á lögvarða hagsmuni enda samrýmist það tilgangi samtakanna að gæta

þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Enga sambærilega heimild er að finna sem varðar aðild að dómsmálum, hvorki gagnvart náttúruverndarsamtökum né almennum einkaréttarlegum aðilum. Eins og háttar til í þessu máli verður ekki fallist á að stefnendur hafi sýnt framá að þeir hafi þess konar einstaklega og sérgreinda hagsmuni af úrlausn málsins að þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn dómkrafna sinna. Uppfyllir stefna í málinu því ekki kröfur 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem ekki verður séð að úr þessari vanreifun verði bætt undir rekstri málsins eru svo verulegir annmarkar á málatilbúnaði stefnenda að óhjákvæmilegt er að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Eftir þessum úrslitum skulu stefnendur greiða stefndu málskostnað eins og greinir í dómsorði. Af hálfu stefndu fluttu málið lögmenirnir Óskar Sigurðsson, María Thejll og Kristín Edwald en Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður flutti málið fyrir stefnendur. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð ;

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnendur greiði óskipt hverjum stefndu eina milljón króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson